

Margréti Hróbjartsdóttur, málskostnað fyrir yfir-  
dómi 15 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur  
frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 12. októbermánaðar.

Nr. 25/1908.

A. L. Petersen

gegn

Hallgrimi Jónssyni.

D ó m u r :

Aðilar máls þessa, A. L. Petersen verkfræðingur og  
Hallgrímur Jónsson kennari í Reykjavík, gjörðu skrifleg-  
an samning sín á milli 8. maí f. á. um það, að Hall-  
grímur skyldi vera aðstoðarmaður Petersens frá 9. maí  
til 1. okt. f. á. við mælingu á Reykjavíkurbæ, er Petersen  
hafði tekið að sér að gera. Skyldi Hallgrímur vera til  
taks hvenær sem Petersen óskaði, þó ekki lengur en 6  
stundir á sólarhring frá 9.—14. maí og eftir það eigi  
lengur en 10 stundir á sólarhring að meðaltali. Fyrir  
þetta starf skyldi Petersen greiða Hallgrími 45 kr. í maí,  
70 kr. í júní, 75 kr. í júlí, 80 kr. í ágúst og 90 kr. í  
septembermánuði. Samningsrof af annarshvors hálfu  
skyldi varða 200 kr. sekt til meðsemjanda. Að starfi  
þessu unnu þeir svo saman til 19. eða 20. júlí; þá lét  
Petersen Hallgrím vita að samvinnu þeirra væri lokið,  
og hann gæti ekki lengur notað aðstoð hans. Hall-  
grímur taldi þetta samningsrof og höfðaði mál gegn  
Petersen fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafðist þess,

að Petersen yrði dæmdur til að greiða sér umsamið kaup fyrir mánuðina júlí til september, 245 kr., og fyrir sammingsrof 200 kr., samtals 445 kr. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað að skaðlausu. Petersen krafðist þess hinsvegar, að verða sýknaður af þessum kröfum, en höfðaði jafnframt gagnsök á hendur Hallgrími og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða sér 200 kr. sekt fyrir sammingsrof, 24 kr. í skaðabætur og málskostnað eftir mati réttarins. — Með dómi nefnds réttar 2. jan. þ. á. lauk málum þessum þannig, að ef Hallgrímur synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði viðurkennt við stefnda í héraði, A. L. Petersen, að hafa rofið samning þeirra dags. 8. maí f. á. og lofað að greiða honum umsamda sekt fyrir sammingsrof, skyldi Petersen greiða honum 250 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað; en ef hann ynni ekki eiðinn, ætti Petersen að vera sýkn af kröfum Hallgríms og skyldi hann (Hallgrímur) þá greiða honum 20 kr. í málskostnað, en gagnmálinu var vísað frá dómi.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn A. L. Petersen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. júní þ. á., og hefir hann krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum mótpartsins í máli þessu, og sérstaklega að málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verði breytt þannig, að málskostnaður fyrir undirrétti verði látinn falla niður, en til vara hefir hann krafist þess, að gagnmálinu verði vísað til undirréttarins aftur til dómsáleggingar að efni til, og að aðalmálinu verði jafnframt heimvísað til þess, að dómur í báðum málunum verði samtímis uppkveð-

inn; en hvernig sem málið fer hefir hann krafist þess, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfryjaði dómur yrði staðfestur og áfryjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Gagnsökinni í undirrætti var vísað frá dómi af þeirri ástæðu, að af vottorði sáttanefndarinnar á gagnkærinni varð ekki séð, hvort málsaðilar hefðu mætt á sáttafundinum og þá heldur ekki hvort sáttatilraun hefði farið fram á milli réttra hlutaðeigenda, en fyrir yfirrétti hefir áfryjandi lagt fram útskrift úr sáttabók Reykjavíkursáttaumdæmis um fyrirtekt máls þessa í sáttanefndinni, og ber útskriftin með sér, að báðir málsaðilar hafa mætt við sáttatilraunina.

Þar sem það er sannað með nefndri útskrift úr sáttabókinni — en framlagning þessa sönnunargagns hefir ekki verið mótmælt af stefnda hálfu — að sáttatilraun í gagnmálinu í undirrætti hefir verið lögleg, þá ber samkvæmt kröfu áfryjanda að fella hinn áfryjaða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsáleggingar, og ber undirdómaranum að kveða upp dóm í gagnmálinu í aðalefni þess jafnhliða dómnum í aðalmálinu. Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði bæjarþingsdómur skal úr gildi feldur og víast málinu heim til nýrrar dómsáleggingar, þannig að dómur verði kveðinn upp í gagnmálinu í aðalefni þess jafnhliða dómnum í aðalmálinu.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.